

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 19. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Getur ráðuneytið m.a. svipt skip heimild til veiða í tiltekinn tíma vegna brota á ákvæðum þessarar reglugerðar.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. apríl 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um endurskoðun vaxtakjara af lánum Byggingarsjóðs verkamanna.

I. KAFLI

Endurskoðun vaxtakjara sex árum frá lántöku.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til lána úr Byggingarsjóði verkamanna sem tekin hafa verið til kaupa á félagslegum íbúðum frá því er lög nr. 60/1984 tóku gildi þann 1. júlí 1984.

Endurskoðun vaxta skal eiga sér stað 6 árum frá undirritun kaupsamnings eða afhendingardegis íbúðar sem er fyrsti vaxtadagur lánsins.

2. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal kanna hvort hagur lántakanda hafi vænkast með eftirfarandi hætti frá því lán var tekið sex árum áður.

- a. Eignir hafi aukist svo að þær hafi farið yfir þau mörk sem gilda samkvæmt a-lið 1. mgr. 80. gr. laganna og 3. gr. reglugerðar þessarar.
- b. Tekjur hafi aukist svo að þær hafi farið yfir þau mörk sem gilda samkvæmt b - lið 1. mgr. 80. gr. laganna og 4. gr. reglugerðar þessarar.

3. gr.

Með eignum, sbr. a-lið 2. gr., er átt við þann mismun sem er á heildareignum og heildarskuldum lántakanda samkvæmt síðasta skattframtali. Eignamarkið er 1.8 millj. kr. pr. 1. janúar 1992. Eignamark þetta breytist ársfjórðungslega miðað við byggingarvísitölu.

4. gr.

Með tekjum, sbr. b-lið 2. gr., er átt við meðaltekjur undanfarin þrjú ár áður en endurskoðun vaxta fer fram og miðast við tekjuskattstofn samkvæmt skattskýrslum. Tekjumarkið á árinu 1991, er kr. 1. 343.431 fyrir einstakling, kr. 1.679.288 fyrir hjón og kr. 122.395 fyrir hvert barn.

5. gr.

Við endurskoðun á eignum skal skattframtal ársins á undan lagt til grundvallar.

Við endurskoðun á tekjum skulu skattframtöl síðastliðinna þriggja ára lögð til grundvallar.

Endurskoðunin fari fram með eftirfarandi hætti:

1. Í októbermánuði hvers árs skulu teknar til athugunar eignir og tekjur þeirra lántakenda sem fengu íbúðir afhentar á tímabilinu janúar til júní, sex árum áður.
2. Í febrúarmánuði hvers árs skulu með sama hætti teknar til athugunar eignir og tekjur þeirra lántakenda sem fengu íbúðir afhentar á tímabilinu júlí til desember, sex árum áður.

6. gr.

Sýni endurskoðun á eignum og tekjum lántakenda, sbr. 2.- 5. gr., að eignir eða tekjur hafi farið yfir tilskilin mörk skal hækka vexti þannig að þeir verði hinir sömu og gilda á hverjum tíma á lánum Byggingarsjóðs ríkisins til nýbygginga sem veitt voru frá og með 1. júlí 1984. Skilyrði til vaxtahækkunar er fyrir hendi hafi annaðhvort tekjur eða eignir farið yfir þau mörk sem fram koma í 3. og 4. gr.

Lántakendum skal tilkynnt sú niðurstaða skriflega og með rökstuddum hætti með a.m.k. 3ja mánaða fyrirvara áður en vaxtahækkun kemur til framkvæmda.

Vaxtahækkunin öðlast gildi og kemur til framkvæmda með eftirfarandi móti:

1. Vaxtahækkun vegna þeirra lána sem endurskoðuð voru í október tekur gildi 1. febrúar árið eftir og kemur til framkvæmda á gjalddaga lánsins 1. maí það ár.
2. Vaxtahækkun vegna þeirra lána sem endurskoðuð voru í febrúar tekur gildi 1. maí sama ár og kemur til framkvæmda á gjalddaga lánsins 1. ágúst það ár.

Þó skal vaxtahækkun vegna lántakenda sem eignuðust félagslegar íbúðir á tímabilinu júlí 1984 til desember 1985 taka gildi 1. maí 1992 og koma til framkvæmda á gjalddaganum 1. ágúst 1992.

II. KAFLI

Endurskoðun vaxta þremur árum eftir að upphafleg endurskoðun, sbr. I. kafla, fór fram.

7. gr.

Vextir af þeim lánum, sem veittu ekki tilefni til hækkunar, sbr. 6. gr., skulu teknir til endurskoðunar á ný þremur árum síðar og síðan á þriggja ára fresti eftir það. Gilda þá ákvæði I. kafla reglugerðarinnar um endurskoðun vaxtakjaranna.

Gildistaka.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988 með síðar breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Frá sama tíma er úr gildi fallin 83. gr. reglugerðar um félagslegar íbúðir nr. 46/1991.

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Porgerður Benediktsdóttir.